

Fundargerð hverfisnefndar Naustahverfis

Fyrsti fundur haldinn í hverfisnefnd Naustahverfis, að Mýrartúni 8, mánudaginn 12. febrúar 2007, kl. 21:00. Mættir voru: Hjálmar Guðmundsson, Bjarni Sigurðsson, Helgi Már Barðarson, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ólöf Inga Andrésdóttir og Hallveig B. Höskuldsdóttir.

Hjálmar húsráðandi bauð fundagesti velkomna og ákveðið var að hefja fundinn á stuttu spjalli um helstu verkefni nefndarinnar.

1. Tillaga um verkefnaskiptingu í nefndinni

Tillaga:

Bjarni Sigurðsson formaður, Hrafnhildur Karlsdóttir varaformaður og Hallveig Björk Höskuldsdóttir ritari, Hjálmar Guðmundsson og Helgi Már Barðarson meðstjórnendur, Ólöf Inga Andrésdóttir, Eva Reykjalin Elvarsdóttir og Friðbjörn Möller varamenn. Tillagan samþykkt samhljóma.

2. Hlutverk nefndarinnar

Ræddar voru hugmyndir nefndarmanna um verkefni framundan.

Samkvæmt samþykkt í stjórnarsýslunefnd frá 15. febrúar 2006 kemur eftirfarandi fram:

“Hlutverk hverfisnefnda er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á næsta umhverfi sitt. Sem dæmi um starfsemi hverfisnefndar má nefna að:

- Hverfisnefnd getur staðið fyrir fundum og skemmtisamkomum íbúanna
- Hverfisnefnd getur þrýst á bætta umgengni, umhirðu og fegrun á ákveðnum stöðum í hverfinu
- Hverfisnefnd getur gert athuganir í umferðamálum (t.d. hvort umferðarhraði í hverfinu sé almenn skv. Lögum) o.s.frv.
- Hverfisnefnd getur fjallað um skipulagstillögur, sem varða hverfið, sem eru í vinnslu hjá bænum og gert athugasemdir í tengslum við grenndarkynningar eða auglýstar breytingar á aðal- eða deiliskipulagi
- Hverfisnefnd getur haft samráð við foreldrafélag grunn- eða leikskóla í hverfinu um málefni barna og unglinga.”

Einnig segir í samþykktinni að: ...“Fundargerðir hverfisnefnda eru íbúum hverfisins til upplýsingar en vilji hverfisnefnd koma erindi á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnarsýslu bæjarins þarf hún að senda það til bæjarins með formlegum hætti...”

Helstu hugmyndir nefndarmanna um verkefni framundan, ekki í forgangs röð heldur unnið út frá hugarflæði:

- Fylgjast með fundargerðum Skipulagsnefndar og Skólanefndar
- Fá upphaflegu verðlaunatillögu um deiliskipulag fyrir Naustahverfi til athugunar
- Óska eftir betri upplýsingum/lista á heimasíðu Akureyrarbæjar um úthlutanir og þá hvenær viðkomandi lóðaúthlutun rennur út sé ekkert að gert.
- Fylgjast með hvernig reglum Skipulags- og bygginganefndar eru framfylgt
- Ýta á eftir því að unnið verði að leiksvæðum - grenndarvöllum og því verki lokið fyrir 17. júní, athuga fjárhagsáætlun - framkvæmdir.
- Dalsbrautar málið
- Stekkjartún, hækkun og stækkun fjölbýlishúss
- Ljómatún, stækkun fjölbýlishúss
- Gatnagerð – tengingar

- Hraðamerkingar og fá biðskyldumerkingar ath. hægri réttur
- Barnamerkingarnar
- Hvetja til að könnun á vilja foreldra í hverfinu varðandi skólamálin, með vísun til fundar sem haldinn var 1. febrúar sl. Fundurinn leggur áherslu á að upplýsa þarf íbúa um það mikla starf sem nú þegar hefur farið fram varðandi skipulag og hugmyndafræði nýja skólans. Einnig að foreldrar hafi allar forsendur til að svara könnun sem þessari

3. Umræða um breytingar á deiliskipulagi í Stekkjartúni og Ljómatúni

Ólöf kynnti blaðagreinar varðandi málefnið og reglur varðandi deiliskipulag. Umræður um hvaða reglur eru til varðandi breytingar á deiliskipulagi; hve stórt svæði þarf þá að taka og hvernig vinnubrögðum skal háttað í þeim málum. Nefndarmenn eru ósáttir við þær breytingar sem áætlaðar eru á deiliskipulagi í Stekkjartúni og Ljómatúni.

Formanni falið að:

- Skrifa bréf með undirskriftarlista fyrir íbúa Naustahverfis vegna Stekkjartúns og Ljómatúns, þar sem kemur fram hver óánægjan er og hvernig við teljum að betur megi gera.
- Skrifa bréf til Skipulagsnefndar varðandi Stekkjartún og Ljómatún og óska jafnframt eftir fundi með nefndinni. Þar sem að kemur fram hver óánægjan er og hvernig nefndin telur að betur megi leysa málið.

Formanni einnig falið að fá netfang fyrir nefndina þannig að við undirskriftasöfnun geti nefndarmenn kynnt hvernig íbúar geti haft samband við nefndina.

Nefndarmönnum falið að safna undirskriftum eftir að formaður hefur skrifað viðkomandi bréf. Undirskriftalistar þurfa að vera tilbúnir fyrir fund fulltrúa hverfisnefndar Naustahverfis með Skipulagsnefndinni.

4. Bréf frá íbúa

Íbúi hafði samband við Ólöfu og afhenti henni bréf / undirskriftarsöfnun sem hún kynnti á fundinum varðandi óánægju hans hvernig staðið væri að breytingum á deiliskipulagi hér í bænum. Fundurinn ákvað að Ólöf myndi ræða við viðkomandi og benda honum á að senda viðkomandi bréf til skipulagsnefndar bæjarins, í eigin nafni.

5. Bréf frá formanni hverfisnefndarinnar í Lunda- og Gerðahverfi

Fundurinn samþykkir að formaður sækir sameiginlegan fund þriðjudaginn 13. febrúar með formönnum hinna hverfisnefndanna sem boðað er til í bréfinu.

6. Næsti fundur

Formanni falið að kalla fundarmenn saman til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 23:15 Fundargerð rituð í tölvu bls. 1-2

Hallveig Björk Höskuldsdóttir ritaði fundargerð

Bjarni Sigurðsson

Hjálmar Guðmundsson

Hallveig Björk Höskuldsdóttir

Hrafnhildur Karlsdóttir

Helgi Már Barðarson

Ólöf Inga Andrésdóttir